



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu sýningarinnar
Perlan Vestfirðir
5. maí 2006**

Ágætu sýningargestir

Fyrir fáeinum vikum var hópur Vestfirðinga á Bessastöðum að samfagna 3X-Stáli með að hljóta Útflutningsverðlaun forseta Íslands.

Við það tækifæri áréttaði ég að athöfnin væri ekki aðeins gleðistund fyrir frumkvöðla sem ýttu úr vör vestra fyrir röskum áratug, heldur líka hvatning til allra sem unna vestfirskum byggðum, sönnun þess að uppspretta á heimaslóð getur á skömmum tíma skilað árangri á heimsvísu.

Ég rifjaði einnig upp ræðu sem ég flutti í Íþróttahúsinu á Ísafirði skömmu eftir forsetakjörið 1996, í fyrstu opinberu heimsókn minni vestur, en þar ítrekaði ég að „ný tækni í samgöngum, fjarskiptum og hugbúnaði hefur fært Vestfirði nær markaðssvæðum heimsviðskiptanna en nokkru sinni fyrr. Möguleikar framtíðarinnar felast fyrst og fremst í beinum milliliðalausum tengslum við fyrirtæki og einstaklinga hvar sem er í veröldinni.“

Ég sagði einnig í ræðunni: „Þessi nýi veruleiki krefst ferskrar hugsunar, nýrrar nálgunar að gömlum vandamálum. Umræðan um byggðavanda Íslendinga þarf að vissu leyti að færast á byrjunarreit. Hún þarf að eignast nýtt upphaf þar sem tækifæri hugbúnaðartækninnar og boðskiptabrautir heimsviðskiptanna eru forsendur breyttrar stefnu og nýrra aðferða. Hún þarf að taka mið af þeirri staðreynd að dýrmætasta auðlindin felst í fólkinu sjálfu – hæfni, menntun og áræði sérhvers einstaklings. Mannauðurinn mun ráða úrslitum í samkeppni byggða og þjóðlanda á nýrri öld.“

Ég rifja þetta upp hér í dag, ekki vegna þess, kæru vinir, að gaman sé að vitna í gamlar ræður, heldur í ljósi árangursins sem náðst hefur að undanfögnu, vegna sóknarinnar sem setur svip á athafnasemi Vestfirðinga, vegna bjartsýnnar sem nú ríkir í hugum margra.

Fyrir tíu árum eða svo voru ýmsir daufir í dálkinn, töldu að framtíðin vestra væri dimm, tækifærin að ganga úr greipum.

Nú ríkir hins vegar leikandi léttur tíðarandi enda víða verið lagður grundvöllur að nýjum greinum.

Verðlaunin til 3X-Stál eru gott dæmi og gleðiefni að ísfirskir athafnamenn séu komnir í heiðurssveit þar sem Kaupþing, Össur, Actavis, Icelandair, Samherji, SH og fleiri eru fyrir á fleti.

En vísbendingar um sóknarfærin finnast víða: „Aldrei fór ég suður“, rokkhátíð alþýðunnar er dæmi um skemmtilegar og frumlegar nýjungar í menningarlífi sem festa rætur vestra – og Mugison farinn að ferðast um heiminn, líkt og Björk gerði áður.

Siglingadagarnir, hugmynd sem varð að veruleika með óvæntum upptökum og ógleymanlegum; Pollurinn á Ísafirði spegilsléttur, fjallasýnin fögur eins og alltaf, en ég held að ýmsir hafi haldið að áhættuleikari hefði verið fengin til að leika Dorrit þegar hún þeyttist á sjóskíðum fram og aftur í höfninni á Ísafirði og fyrir framan sjúkrahúsið.

Já, ferðamenn uppgötva í vaxandi mæli að Vestfirðir eru ekki leyndarmál heldur lifandi og þróttmikill veruleiki, ríkulegar söguslóðir, heimkynni seiðkarla og fornra kappa, kvenskörungum og sjósóknara, veröld þar sem mannlífið, menning og arfleifið kallast á við fjallasýn, hver og einn fjörður með sínum blæ, fjölbreytileikinn óendanlegur, upplifunin einstök, hvort heldur er að sumri eða á vetrarkvöldum, í skíðabrekkum eða á gönguför, við sólarupprás eða þegar norðurljósinn stíga dans.

Nú stefna skemmtiferðaskipin á þessar slóðir og innan tíðar kann að verða nokkur vandi að taka á móti síauknum fjölda sem sækir vestur.

Ferðaþjónustan er sú atvinnugrein sem hraðast vex í veröldinni og mun sá vöxtur þó fyrst keyra um þverbak þegar hundruð milljóna Kínverja, Indverja og annarra Asíubúa fara að halda um heiminn.

Nú þegar hafa stjórnvöld í Kína samþykkt að Ísland sé ákjósanlegur áfangastaður og heimilað ríflega 500 ferðaskrifstofum að selja Kínverjum ferðir hingað; um 300 milljónir sáu sérstakan kynningarþátt sem sýndur var í sjónvarpinu skömmu eftir heimsókn mína til Kína fyrir réttu ári.

Áhugi Indverja á Íslandi vex einnig ört. Heimsókn forseta Indlands hingað í fyrri var staðfesting á þeirri stefnu en það var í fyrsta sinn sem forseti Indlands kom í slíka heimsókn til Norðurlanda.

Saman telja Kínverjar og Indverjar nærri tvo og hálfan milljarð manna; batnandi efnahagur í þessum löndum mun hafa mikil áhrif á heimsbyggð alla.

Vestfirðir eru í einstakri stöðu og lánsamir að mörgu leyti því margt í þróun veraldarinnar er og verður þeim einkar hliðhollt.

Ég flutti þann boðskap fyrir tíu árum og ítreka hann með enn meiri krafti hér í dag.

Sýningin Perlan Vestfirðir er byggð á slíkum sóknaranda, bæði nú og einnig frumkvæðið fyrir fjórum árum. Eins og þá gefur hér að líta fjölmörg dæmi um athafnaþrá og hugmyndaauðgi íbúanna.

Strandir, Ísafjarðarsýslur, Barðaströnd – alls staðar blasa við tækifærin og árangurinn er okkur öllum hvatning til að halda ótrauð á nýjar slóðir.

Vestfirðingum hefur löngum vegnað best þegar leitað er fanga vítt og breitt um veröldina, byggt á auðlegð heimaslóða og lönd og álfur höfð að markaðssvæðum.

Sú stefna nýtur nú hagstæðri skilyrða en nokkru sinni og því er það fagnaðarefni að sjá fjölbreytnina sem einkennir sýninguna.

Með þeim hvatningarorðum tilkynni ég að Perlan Vestfirðir 2006 er hér með opnuð og óska Vestfirðingum til hamingju með framtíðina.